

Dyspraxía – erfiðleikar með skipulag, áttir og tímastjórnun.

Nemendur með dyslexíu eiga oft í erfiðleikum með tímastjórnun, tímahugtök og áttun.

Þeir eiga t.d. oft í erfiðleikum með:

- áttun í rými og tíma (hægri og vinstri, upp og niður, snemma og seint, gær og á morgun, mánuðir og dagar)
- að nota úr með vísnum, ruglast á í hvora átt vísarnir ganga
- að muna heiti mánaða ársins í réttri röð
- að áætla hvað viðfangsefni tekur langan tíma og skila þess vegna oft verkefnum of seint
- að rata (villast auðveldlega)

Nemendur með dyslexíu eiga oft í miklum erfiðleikum með að læra staðreyndir, sem hafa ekkert gildi fyrir þá, utanbókar. Þeir eiga t.d. erfitt með að læra:

- margföldunartöfluna
- ýmsar vísindalega sannaðar staðreyndir eins og að vatn sýður við 100°C
- sögulegar staðreyndir; nöfn, dagsetningar og staði

Nemendur með dyslexíu standa sig aftur á móti oft vel í sögu þegar útskýra á hvers vegna einhver atburður gerðist og hver var afleiðingin.

Ef þú hefur merkt við margt af þessu eru líkur á að þú sért með dyspraxíu og þarft að gæta vel að öllu skipulagi, koma þér upp einhvers konar kerfi sem hjálpar þér í daglegu lífi.